

Sent til Mbl.is: 15.4.2020
Birt í Mbl: 21.4.2020
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

Það á að hætta þessu þjóðarsjóðsrugli og drífa í að endurskoða samninginn við ÍSAL, með sanngirni í huga.

Orkusölusamningur Landsvirkjunar og ÍSAL

Í Morgunblaðinu 14.4.2020 var birt ágæt grein eftir Jónas Elíasson prófessor með yfirskriftinni: „Raforkuvinnsla á Íslandi: Aftur á byrjunarreit?“ Í greininni ræðir Jónas um samskipti Landsvirkjunar og Rio Tinto, sem er eigandi álverksmiðju ÍSAL í Straumsvík.

Samningur Landsvirkjunar og ÍSAL

Viðskiptasamningur um sölu á raforku frá virkjunum Landsvirkjunar til ÍSAL hefur verið í gangi samfelld síðan 1970 eða í hartnær 50 ár. Samningurinn hefur verið íslensku þjóðfélagi til mikilla hagsbóta. Með honum var riðið á vaðið með nýtingu vatnsorku í stórum stíl hér á landi.

Almennt séð hafa allt frá upphafi verið góð samskipti milli ÍSAL og Landsvirkjunar, sem í rauninni er nauðsynlegt í svo löngu og farsælu samstarfi. Þetta hefur breyst á undanförunum árum.

Svo virðist sem upphaf þeirra hnökra megi rekja til ársins 2010, þegar nýr forstjóri Landsvirkjunar hóf störf, en sama ár gengið var frá nýjum orkusölusamningi við ÍSAL. Annars vegar komu til undirbúningsráðstafanir ÍSAL ef til lokunar á verksmiðjunni kæmi og hins vegar kvartaði Landsvirkjun yfir framferði ÍSAL og sagði þær vera hótanir í sinn garð.

Þetta hefur haft neikvæð áhrif á samskipti fyrirtækjanna.

Orkuverð í samningnum 2010 var tengt neysluvísitölu í Bandaríkjunum en hafði áður verið tengt álverði á heimsmarkaði. Síðan þá hefur álverð fallið verulega einkum vegna stóraukinnar framleiðslu Kínverja á áli og ekki bætir kórónaveiran ástandið. Á tímabilinu hefur neysluvísitala í Bandaríkjunum farið stöðugt hækkandi og er nú svo komið að orkuverð Landsvirkjunar til ÍSAL er orðið 38% hærra en það hefði verið ef álverðstenging hefði gilt og er þar miðað við CPI vísitölu 258 og álverð 1494 USD/tonn. Einnig mætti nefna önnur atriði í samningnum t.d. að hann skuli gilda til langs tíma eða til ársins 2036 og með um 80% kaupskyldu.

Það er með ólíkindum að ÍSAL skuli hafa látið hafa sig út í þetta á sínum tíma og mætti halda að þeir hafi hreinlega gert reiknivillu í mati sínu á samningnum eða alla vega gert herfileg mistök í mati á mögulegri þróun verðvísu.

Þáttur Harðar Arnarsonar

Þegar Hörður Arnarson tók formlega við starfi forstjóra Landsvirkjunar í ársbyrjun 2010 lét hann í ljós þau áform sín að breyta ætti starfsemi Landsvirkjunar yfir í markaðsdrifið fyrirtæki sem mundi einbeita sér að því að græða peninga með öllum ráðum, til hagsbóta fyrir eigendur þess sem er hinn íslenski almenningur.

Byggði hann upp markaðsdeild innan Landsvirkjunar og fyllti deildina af konum til að gæta jafnréttis. Hóf hann umfangsmiklar rannsóknir á þeim ákvörðunum sem leiddu til byggingar Kárahnjúkavirkjunar með það að markmiði að sýna fram á hversu óhagkvæm sú framkvæmd

var. Sá málarekstur var allur með ólíkindum en í raun var virkjunin tækniundur sem ávallt hefur staðist ýtrustu kröfur. Gagnrýni forstjórans á eigin virkjanir þótti óverðskulduð.

Þáttur Halldórs Ásgrímssonar

Svo langt gekk þetta á stundum að jafnvel Halldór Ásgrímsson fyrrverandi forsætisráðherra sá ástæðu til að heimsækja forstjóran og ræða við hann um þetta málefni. Fundurinn var haldinn eftir að Halldór lauk starfi í Kaupmannahöfn 2013. Halldór sagði mér frá fundinum og að það hefði verið fátt um svör frá hendi forstjórans þegar hann gekk eftir þeim. Hann útskýrði fyrir forstjóranum að það hefði aldrei verið hugmyndin með Kárahnjúkavirkjun að Landsvirkjun rukkaði fyrir raforku umfram það sem eðlilegt mætti teljast heldur ætti fyrst og fremst að hugsa um heildarhagsmuni Þjóðarinnar. Halldór var lykilmáður í að koma á fótt Kárahnjúkavirkjun og álveri ALCOA á Reyðarfirði

Því miður féll Halldór skyndilega frá á vormánuðum 2015. Hann var því ekki til staðar þegar umræða hófst 2017 um stofnun á Þjóðarsjóði þar sem arður Landsvirkjunar af raforkusölu væri lagður inn, en tekjur sjóðsins færu í að versla með verðbréf í erlendum kauphöllum. Þessi hugmynd kom frá forstjóra Landsvirkjunar, en fyrirtækið átti að halda uppi tekjum sjóðsins. Það hefur ekki hljómað vel í eyrum hinna stóru viðskiptavina Landsvirkjunar að þeir væru greiða svo mikið fyrir raforkuna að það væri grundvöllur að slíkum sjóði og sem var líkt við olíusjóð Norðmanna.

Ég var búinn að nefna við Halldór að hann skrifaði eitthvað niður um aðdraganda, byggingu og fyrstu rekstrarár Kárahnjúkavirkjunar og tók hann líklega í það. Ekkert fannst um það mál að honum látnum.

Lokaorð

Með Þriðja orkupakkanum verða nýir viðskiptahættir með raforku innleiddir hér á landi. Markaðshönnun er þar afar mikilvæg, en Landsnet stendur fyrir verkinu og hefur fengið til þess erlent ráðgjafarfyrirtæki. Ekkert hefur ennþá heyrst um hvernig verkinu vindur fram, en maður bara vonar það besta. Þá ætti að verða handhægara að tengja orkusölusamninga við alþjóðlega viðskiptahætti í stað þess að þurfa að sérhanna heimatilbúnað lausnir. Þarna koma þá væntanlega staðlaðir raforkumarkaðir við sögu og þá munu sjálfstökugjaldskrár orkufyrirtækja ljúka sínu skeiði og frjáls samkeppni taka við.

Það á að hætta þessu Þjóðarsjóðsrugli og drífa í endurskoða samninginn við ÍSAL, með sanngirni í huga.